

Úrdráttur úr foreldrakönnun Skólaplús 2023 sem var tekinn frá 1.feb. -1.mars 2023.

- Fjöldi þátttakenda 59. Fjöldi svarenda 50. Svarhlutfall 84,7%
- Heiði 34,0% eða 16.
- Lundur 46,8% eða 22.
- Holt 25,5% eða 12.

Þættir sem teknir voru fyrir:

Daglegt skólastarf, námsumhverfi, félagsleg samskipti, samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta.

1. Daglegt skólastarf

Þessi þáttur kom að jafnaði vel út og voru tölurnar frá 93% upp í 97%. Þær spurningar sem skáru sig úr voru **samskipti starfsfólks við foreldra** en þar var ánægja foreldra einungis 80,4% og **stjórnun skólans** en þar var ánægja foreldra 85,7% .

2. Námsumhverfi

Þessi þáttur kom mjög vel út í könnuninni og voru flest svörin frá 97% - 100%. Sú spurning sem kom slakast út var **hversu hæft og metnaðarfullt starfsfólkið er** en þar var ánægja foreldra 90,7%.

3. Félagssleg samskipti

Þessi þáttur kom allur mjög vel út eða frá 96,7% upp í 100%

4. Samskipti við foreldra

Þessi þáttur kom einna verst út og voru svörin alveg frá 68,9% og upp í 97,8%. Lægst var svarið við spurningunni **ég fæ að heyra þegar barninu mínu gengur vel** eða 68,9%, **telur þú þig vera upplýstan um stefnu og námsskrá leikskólans** sem var í 74,4% og **ég er hvattur til að taka þátt í leikskólastarfinu** sem stóð líka í 74,4%.

5. Upphaf og lok leikskólagöngu

Í þessum þætti voru flest svörin 100% eða sex svör og snéru þau flest að upplifun barnsins af fyrstu dögum leikskólagöngu sinnar og tengslum við kennara. Sú spurning sem fékk lægstu prósentu var spurningin **ég fæ að vera virkur þátttakandi í undirbúningi að flutningi milli skólastiga**, en þar skiptust svör foreldra alveg í tvennt. 50% svöruðu já en 50% svöruðu nei.

6. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Þessi þáttur innihélt aðeins 2 spurningar. Fyrri spurningin var **hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?** Þar var svarið já 9,8% en nei 80,5% og 9,8% voru á biðlista. Seinni spurningin var **hefur þú óskað eftir sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári?** 13,6% svöruðu já og 70,5% svöruðu nei. 15,9% voru á biðlista.